

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í 29
Dalasýslu, um greiðslu á meðlögum með óskilgetnum börnum 31. marz
 (Skarðshreppur í Dalasýslu og Vindhælishreppur).

Oddviti Vindhælishrepps hefir áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 25. janúar þ. á., sem ákveður að Skarðshreppur skuli vera sýkn af kröfum Vindhælishrepps um endurgreiðslu á meðlögum með tveimur óskilgetnum börnum Guðrúnar Oddsdóttur og Sigurðar O. Sigurðssonar, fyrir tímabilin frá 1. júlí 1935 til 1. janúar 1936 og frá 7. ágúst 1935 til 7. febrúar 1936. Hinsvegar er Skarðshreppur skyldaður til þess að greiða meðlög þessi frá 1. janúar 1936 og 2. febrúar 1936 með þeim upphæðum, sem ákveðnar eru í meðlagsúrskurðunum.

Það er upplýst í máli þessu, að Guðrún Oddsdóttir giftist árið 1930 öðrum manni en nefndum barnsföður sínum. Þau hjón hafa búið saman að Kálfshamri í Vindhælishreppi, og hafa ofangreind börn Guðrúnar verið á þeirra framfæri. Annar styrkur en meðlögin, hefir þeim hjónum ekki verið veittur.

Þann 5. febrúar þ. á. hefir hæstiréttur kveðið upp dóm um rétt móður óskilgetins barns, sem giftur hefir öðrum manni en barnsföður sínum, til þess að krefjast greiðslu meðlaga af heimilissveit sinni. Hér á eftir er tekinn upp kafli úr forsendum þessa hæstaréttardóms:

„Það verður að telja þá meginreglu hafa gilt og gilda enn hér á landi, að maður fái ekki styrk sér eða sínum til framfærslu úr sveitar- eða bæjarsjóði, nema sýnt sé, að hann geti ekki framfært sig eða þá af sjálfs síns ramleik, sbr. 1. gr. laga nr. 44, 1905, 1. gr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 43, 1927 og 1. gr. nógildandi framfærslulaga nr. 135, 1935. Fyrirmælin um rétt móður óskilgetins barns til meðlagsheimtu af dvalarsveit sinni, sbr. 26. gr. laga nr. 46, 1921 og lög nr. 39, 1935, og um samskonar rétt skilinna hjóna samkvæmt 60., sbr. 55., 57., 75. og 77. gr. laga nr. 39, 1921, verður öll að telja undantekningarákveði frá áðurnefndri meginreglu. Þau virðast og vera miðuð við það, að eigi sé, auk meðlagsheimtanda og þess, er úrskurðað hefir verið skylt að greiða meðlag, annar maður framfærsluskyldur, sem þá skyldu innir að fullu af hendi. Og virðast ákvæði 2. mgr. 19. gr. laga nr. 43, 1927, 5. gr., 26. og 62. gr. laga nr. 135, 1935 bera þessu vitni. Í þessu máli er atvikum svo varið, að stefnda giftist, svo sem fyrr segir, árið 1933, og stjúpföður oftnefndra barna hennar varð þar með skylt að framfæra þau samkvæmt 4. gr. laga nr. 43, 1927, er þá voru í gildi, og stendur sú skylda óbreytt samkvæmt 4. gr. laga nr. 135, 1935, enda er því ómótmælt haldið fram í máli þessu, að stjúpfaðir barnanna hafi veitt þeim framfæri síðan bæjarsjóður Reykjavíkur hætti að greiða meðlögin. Í þessu máli eru því eigi fyrir hendi þau atvik, er undantekningarreglan um greiðsluskyldu dvalarsveitar á meðlögum, er manni hefir verið úrskurðað skylt að greiða, tekur til, og verður því að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina.“

Samkvæmt þessum forsendum var borgarstjórinn í Reykjavík, f. h. bæjarsjóðs, sýknaður af kröfum barnsmóðurinnar um greiðslu á meðlögum.

Þar sem eins stendur á í máli því, sem hér um ræðir og í téðum hæstaréttardómi greinir, verður að fella úrskurð yðar úr gildi og sýkna Skarðshrepps af greiðslu hinna umkröfðu meðlaga, þar sem hreppsnefnd Vindhælishrepps hefir umfram skyldu greitt meðlögin úr sveitarsjóði.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Skarðshrepps.